

Alþingi  
Nefndasvið  
Austurstræti 8 -10  
  
150 Reykjavík

4. maí 2015

**Mál: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar, nr. 78/2002, með síðari breytingum (full niðurgreiðsla vegna flutnings og dreifingar), 698. mál.**

Með frumvarpinu er lagt til að flutningur og dreifing raforku til hitunar íbúðarhúsnæðis verði niðurgreidd að fullu til þeirra sem ekki eiga kost á jarðvarmahitun. Frumvarpið byggir m.a. á niðurstöðum starfshóps sem lagði til í árslok 2011 að tekið yrði upp jöfnunargjald á raforkuvinnslu og hitaveitur til að fjármagna niðurgreiðslurnar. Því er fagnað að ekki er gert ráð fyrir álagningu jöfnunargjalds í frumvarpinu.

Samtök atvinnulífsins telja rétt að minna á að kostnaður við fjárfestingu, rekstur og viðhald íbúðarhúsnæðis um land allt ræðst af mörgum þáttum. Gott væri að í tengslum við þetta frumvarp væri lagður fram samanburður þar sem fram komi reiknuð húsaleiga, orkukostnaður, fasteignagjöld og annar kostnaður við húsnæði eftir byggðalögum. Þannig fengist heildarsamanburður um þennan afar þýðingarmikla þátt kostnaðar við heimilisrekstur. Einnig gæti þá skapast umræða um hvar væri mest þörf niðurgreiðslu, hvers eðlis hún geti verið og hverjir helst þyrftu á henni að halda. Sérstök þörf virðist á samanburði með þessum í tengslum við boðaðar aðgerðir stjórnvalda í húsnæðismálum þar sem ætlunin er að endurskoða kerfi vaxtabóta og húsaleigustyrkja.

Eins og fram kemur í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að eftir því sem húsnæðið er stærra fáist hærri niðurgreiðslur frá ríkinu og þá spurning hvort þær lendi þar sem þeirra kann að vera mest þörf.

Virðingarfyllst,

  
Pétur Reimarsson,  
forstöðumaður.